

Elliðaárvogur/Ártúnshöfði, svæði 2A - auglýsing

USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>

Thu 4/4/2024 8:20 AM

To:Íbúaráð Árbær og Norðlingaholt <ibuarad.arbaerognordlingaholt@reykjavik.is>;Árbæjarlaug Reykjavík <arbaejarlaug@reykjavik.is>;
veitur@veitur.is <veitur@veitur.is>

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing á tillögu að nýju deiliskipulagi Elliðaárvogur/Ártúnshöfði, svæði 2A, birtist í Morgunblaðinu í dag þ.e. fimmtudaginn 4. apríl 2024. Tillagan er í kynningu frá 4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, www.skipulagsgatt.is

Elliðaárvogur/Ártúnshöfði, svæði 2A

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. mars 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 21. mars 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2A. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af núverandi Ártúnshöfða til austurs, Elliðaám til vesturs og Stórhöfða (Borgarlínu) til suðurs. Til norðurs afmarkast deiliskipulagssvæðið út frá lóðamörkum sem afmarka lóð Sævarhöfða 12. Svæðið er um 5,48 ha að stærð og þar sem gert er ráð fyrir íbúðum og blandaðri byggð ásamt tilheyrandi nærþjónustu. Heildarfjöldi íbúða á skipulagssvæðinu er 582. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum þessa gátt eigi síðar en 23. maí 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.**



Með kveðju,
Puríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.